

233. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, mánudaginn 14. mars 2022 og hófst hann kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðjón Viðar Guðjónsson varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

Ólafur Adolfsson og Guðjón Viðar Guðjónsson tóku þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

Fyrir tekið:

1. 2109252 - Deiliskipulag Flóahverfis - Breyting grænir iðngarðar

Breyting á deiliskipulagi Flóahverfis var auglýst samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, frá 21. janúar til og með 8. mars 2022. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að tillagan verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðanda.

3. 2006178 - Íþróttamiðstöð Jaðarsbökkum - uppbygging

Opnun tilboða í "Íþróttahús - Uppsteypa og ytri frágangur" að Jaðarsbökkum 1. Mánudaginn 7. mars 2022, voru opnuð tilboð í verkið "Íþróttahús-Uppsteypa og ytri frágangur"

*Eftirfarandi tilboð bárust:
Alefli ehf 1.450.711.420
Flotgólf 1.212.375.246*

Kostnaðaráætlun 1,087,750.485

Skipulags- og umhverfisráð felur sviðsstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda.

4. 2201149 - Slökkvilið - bíla- og tækjakaup

Sameiginlegt útboð um kaup á dælubifreið fyrir slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar.

Jens H Ragnarsson, slökkviliðsstjóri fór yfir stöðu málsins.

*Eitt tilboð barst í verkið frá Ólafi Gíslasyni & Co, um 92 millj.kr.
Kostnaðaráætlun var kr. 70 millj.kr.*

Málið verður tekið fyrir að nýju á næsta fundi skipulags- og umhverfisráðs.

5. 2203080 - Garðalundur Lækjarflói - framkvæmdir

Farið yfir deiliskipulagið Garðalundur Lækjarflói.

Skipulags- og umhverfiráð felur sviðsstjóra að undirbúa frekari hönnun á svæðinu m.t.t. frekari tómstundaiðkunar.

6. 2109218 - Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 á Suðvesturlandi

Tillagan hefur á vinnslustigi verið kynnt á vettvangi aðildarsveitarfélaganna og hlotið meðferð í samræmi við ákvæði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana sbr. lög nr. 111/2021.

Í samræmi við framangreind ákvæði laga nr. 55/2003 er tillagan nú send til allra þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að áætluninni til formlegrar staðfestingar.

Tillagan er aðgengileg á vef samlausnar sbr. neðangreinda slóð:
www.samlausn.is

Óskað er eftir staðfestingu sveitarstjórnar

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að svæðisáætlun Sorpurðunar Vesturlands hf, sorpstöðvar Suðurlands bs og Kólku, sorpeyðingarstöðvar sf. fyrir tímabilið 2022 - 2033, verði samþykkt.

2. 2203023 - Laugarbraut 23 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Umsókn byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við húsið, þar sem byggt er hæð ofan á eldri hluta hússins. Hámarksnýtingarhlutfall lóðar er 0,30 skv. greinargerð deiliskipulags Akratorgsreits, núverandi nh. er 0,24 verður eftir breytingu 0,31.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að breytingin verði grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verður fyrir fasteignaeigendum við Akurgerði 2, 4, 6, Laugarbraut 14, 16, 18, 21 og Vesturgötu 84, 88 og 90.

Ólafur Adolfsson og Guðjón Viðar Guðjónsson samþykktu fundagerðina með rafrænum hætti.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:50.